

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2011 skv. gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 26.000 fyrir árið 2011. Til viðbótar við sorpgjald heimila greiðir hvert lögbýli þar sem búskapur er stundaður kr. 13.000 fyrir árið 2011. Sorpgjald frístundahúsa er kr. 13.000 fyrir árið 2011.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 8. desember 2010 er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 17. janúar 2011.

Hörgársveit, 20. janúar 2011.

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2011